



Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### *Vogabyggð 5 - deiliskuplag*

Á fundi borgarráðs þann 10. janúar 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. desember 2018, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 12. desember 2018 á svörum við umsögn Skipulagsstofnunar vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Vogabyggð, svæði 5, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun:

Rétt er að staldra við og vernda lífríki Elliðaáa, enda ýmis aðvörunarljós sem blikka. Í umsögnum Umhverfisstofnunar, Vegamálastofnunar og Veiðimálastofnunar eru gerðar talsverðar athugasemdir við deiliskipulagið. Í umsögn Veiðimálastofnunar segir meðal annars: „Nýlega er komin fram „Stefnumótun um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík“ sem umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur unnið að. Þar er meðal annars getið um verndun lífríkis fjöru og strandsjávar sem og lífríkis í ferskvatni. Önnur hönd umhverfissviðs er því að vernda búsvæði lífvera á meðan hin höndin er að granda þeim. Það eru því allmargar röksemdir fyrir því að fara með ýtrustu varfærni gagnvart lífríki Elliðaáanna og ósasvæðis þeirra.” Við teljum því rétt að sitja hjá við þessa afgreiðslu og ítrekum þá skoðun okkar að friðlýsa eigi Elliðaárdalinn og nærumhverfi hans.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Vogabyggð er eitt glæsilegasta uppbyggingarverkefni borgarinnar. Þar er gert ráð fyrir a.m.k. 1.300 íbúðum. Í deiliskipulaginu sem er samþykkt hér í dag er gert ráð fyrir nýrri lóð fyrir allt að 5000 m<sup>2</sup> leik- og grunnskóla á 2-3 hæðum sem er mikilvægur hluti þessa nýja borgarhluta.

  
Helga Björk Laxdal

e.u.